

Frozen Image

***Norræna ljósmyndasýningin,
Scandinavia To Day***

2. til 19. febrúar Kjarvalstöðum

Norræn ljósmyndun: „The Frozen Image“ A

Fyrir tveimur árum fól American Scandinavian Foundation The Walker Art Center að skipuleggja ljósmyndasýningu í tengslum við „Scandinavia Today“, mikla menningarháttíð sem átti að halda í mörgum borgum í Bandaríkjunum samtímis 1982—83. Af ýmsum ástæðum þótti ljósmyndun vera mjög hentugt viðfangsefni. Lítið er vitað um norræna ljósmyndun í Bandaríkjunum, jafnvel er takmörkuð þekking á þessari listgrein á Norðurlöndunum sjálfum. Reyndar hefur þessi listgrein þar til nýlega verið hálfgerð vandræðabarn í meðal lista. Nú hefur ljósmyndun stigið fram á völinn sem fullþroska listgrein, og til marks um það er hin öri vöxtur í stofnun safna og sýningahaldi. Þegar á allt var lítið virtist þetta vera árennilegt verkefni, og Walker Art Center ákvað að hefjast handa.

Eftir fyrstu heimsóknirnar til safna í Kaupmannahöfn, Helsinki, Osló, Reykjavík og Stokkhólmi gerðum við okkur grein fyrir því, að tímans vegna yrði að útiloka það að gerð yrði söguleg úttekt á þróun ljósmyndunar í hverju landi. Þess í stað beindum við athyglinni að myndum með listrænt gildi er næði langt út fyrir landamæri hvers lands. Huglægt mat yrði viðhaft, bæði við val og uppsetningu myndanna, og myndi valið endurspeglar viðhorf hins utanaðkomandi gests.

Við könnuðum hið mikla safn Det Kongelige Bibliotek í Kaupmannahöfn, þar sem er að finna viðamiklir safn ljósmynda sem sumar eru fengnar úr sögulegum söfnum og skjalasöfnum. Safnið kaupir einnig kerfisbundið myndir eftir núlifandi danska ljósmyndara. Stærsta og yfirgripsmesta safn af sögulegra ljósmynda og samtímaljósmynda í Svíþjóð er í Fotografiska Museet, safni sem er í tengslum við Moderna Museet, þar sem reglulegar sýningar á sænskri og alþjóðlegri nútímalist eru haldnar.

Í Helsinki skoðuðum við safn Suomen Valokuvateien Museon Säätio (Finniska ljósmyndasafnið), sem einkum safnar eldri ljósmyndum. Preus ljósmyndasafnið utan við Osló býr yfir mjög góðu bókasafni og hefur að geyma mörg góð eldri verk, og heldur sýningar á myndum yngri norska ljósmyndara. Þjóðminjasafn Íslands í Reykjavík hefur að geyma stórt safn glerplatna sem er uppistaðan í ljósmyndasafni landsins.

Eftir að hafa kannað bæði þessi og önnur viðurkennd ljósmyndunarsöfn athuguðum við sérstök viðfangsefni sem fyrstu ljósmyndararnir á Norðurlöndum beindu athyglinni að. Landslagsmyndir voru augljóst viðfangsefni, til dæmis síðan má nefna landkönnun, þjóðhætti og sögulega atburði. Augljóst var að það varð að leita fanga víðar til að finna efni sem tengdist þessum viðfangsefnum.

Í safni norsku verkalýðshreyfingarinnar í Osló, Arbeiderbevegelsens Arkiv og Bibliotek, fundum við áhrifamiklar ljósmyndir af kröfugöngum og verkföllum. Berna-

dottesafnið, bókasafn sænsku konungshallarinnar bjó yfir fjölda fágætra mynda sem aldrei fyrr höfðu komið fyrir almennings sjónir, t. d. myndir af konungsfjölskyldunni, og hugmyndaríkum heimilissuppferslum á leikritum. Sotamuseo (hersafnið) í Helsinki útvegaði fjölda mynda af hermanna lífi frá aldamótum, séð með augum foringanna. Þar gat að líta myndir af hergöngum og steigurlæti Rússneska hersins í Finnlandi. Eitt áhrifamesta verki var að velja myndir sem voru teknar á laun í seinni heimsstyrjöldinni meðan Danmörk var hernúmin af Þjóðverjum. Þessar talandi áhrifamiklu myndir komu frá Museet for Danmarks Frihedskamp í Kaupmannahöfn. Við ferðudumst einnig til margra norræna borga til að skoða söfn í bókasöfnum og hjá sögufélögum. Gerðum við stundum merkilegar uppgötvanir er við fundum fyrsta flokks myndir næstum gleymdra eða óþekktara ljósmyndara.

Við sköðuðum söfn listamanna í öllum Norðurlöndunum, með aðstoð frá Ráðherra-nefnd Norðurlandaráðs. Við gerðum okkur grein fyrir því að mikilvægt var að hvert land hefði vissan fjölda mynda á sýningunni, en við völdum ekki með neina kvóta í huga, heldur voru gæðin eini mælikvarðinn.

Hvað er svo norrænt við norrænar ljósmyndir? Svar okkar verður að vera með fyrirvara, vegna þess að myndirnar voru skoðaðar út frá huglegu og almennu sjónarmiði. Við setjum þó fram þá skoðun að ljósmyndun á Norðurlöndum virtist vera list kyrrðarinnar. Af eðlilegum ástæðum eru landslagsmyndir frá 19. öld undir heidum himni fullar af þögn, en almennt séð, finnst okkur að ljósmyndir, jafnvel af áhrifamiklum atburðum séu tilfinnanlega fjarlægjar frá viðfangsefninu, atburðir eru frosnir í tímanum. Samt má segja að þessar myndir séu ekki allt sem þær sýnast vera. Það sem í fyrstu virðist kyrrlát mynd af konuandliti, landslagi, hlutum sem stráð er af handahófi á borð, má við nánari athugun greina dulda merkingu og táknmal. Í verkum norræna listamanna tengjast einfaldir atburðir dulinni merkingu úr sálarlífinu. Það er spennan milli forms og tilfinninga sem gefur þessu listræna fyrirbæri, ljósmyndun á Norðurlöndum lífsþrótt sinn.

Mannamyndir

Mannamyndir eru sífellt viðfangsefni í norrænni ljósmyndun, frá „visitkortum“ sem háð eru duttlungum tiskunar, til mynda sem leitast við að skilgreina einstaklinginn sálfræðilega. Nokkrar einstæðar hópmyndir er að finna í sal 1. Einstæð er myndin af Þjórnalíði konungs, samsett viðmynd úr þremur hlutum, sem segir margt um Danmörk síns tíma.

Ein sérstæð tegund mannamynda sem fyrir finnst á Norðurlöndum er þrjár blævængir sem sýna m. a. andlitsmyndir af þekktum Dönnum frá 1872—1927. Louise Melchior gerði alls 9 blævængi, og noaðist við ljósmyndir sem hún safnaði af listamönnum og öðru þekktu fólki samtímans, sem komu í heimsókn á sveitasetur foreldra hennar utan við Kaupmannahöfn. Hið fræga fólk lét oft fylgja myndunum sem það gaf henni teikningar, brot úr tónverkum, spakmæli, og hún bætti þeim á blævængina.

Munch og ljósmyndun

Ljósmyndun hafði ákveðnu hlutverki að gegna fyrir Edvard Munch. Skyndimyndir hans gefa í skyn mörg þemu sem birtast síðar í málverkum hans og grafíkmyndum. Konan er allstaðar í myndum hans í ýmsum gerfum, sem ógnvekjandi vera í dökkum kjól með háu hálsmáli, tilfinningarík freisting, gædd bæði sakleysi og þrá. Meginhlutverk hennar var að trylla manninn, hélt Munch fram. Í óvenjulegri samsettri mynd frá 1906 birtist hún sem þrýstin, nakin gyðja sem tekur ekki eftir starandi draugalegri veru, ef til vill hinni íklæddu andstæðu sinni sem birtist út úr veggnum.

Munch myndaði sjálfan sig jafnt í ljósmyndum og málverkum, og skyndimyndirnar sem hann tók um árabíl sýna breytingarnar sem urðu á honum. Fyrst sést hann sem vel klæddur ungur maður, sem veit vel af útliti sínu fyrir framan myndavélina. Á mynd frá 1907 er hann íþróttamannslegur og nakinn við hlið hins fræga málverks síns af karlmönnum á badströnd. Síðan á mynd frá 1908—9 sést hann sem úrvinda sjúklingur á heilsuhæli, þegar hann reyndi að vinna bug á áfengissýki sinni og öðrum kvillum.

Enda þótt þessar persónulegu myndir séu ekki meðal bestu verka Munchs fer ekki hjá því að þær eru áleitnar myndir, bæði vegna frjórrar tækni og innsýnar inn í persónu listamannsins. Sem skyndimyndir má bera þær saman við blýants og kolateikningar listamannsins, þar sem hann kom tilfinningaólgu sinni á blað í örfáum dráttum.

Við vitum ekki hverskonar myndavél Munch notaði, ef til vill var það ein af þessum litlu Kodak vélum sem fengust í Þýskalandi. Í sumum tilfellum hefur filman varðveist, rúllufilma, 90mm breið. Með því að minnka ljósnæma svæðið fékk Munch filmu sem var næstum 85x80 mm. Myndirnar eru allar kontaktmyndir, og ná yfir tímabilið 1902—11, einstakt safn með ómetanlegt gildi.

Það er ekkert efamál að Munch leit á málun sína sem fremri ljósmyndun. „Myndavélin getur ekki keppt við málverkið“ skrifaði hann, „á meðan ekki er hægt að nota hana í himnaríki eða í helvíti“. Myndir Munchs frá 1902—1908 sýna að hann var að gera tilraunir með að lýsa ástandi sem er utan við hið sýnilega, hann reyndi að sýna annað svið lífsins með myndavélinni, sitt eigið víti.

Konumyndir Henry B. Goodwin

Eina helsta tegund mannamynda á Norðurlöndum er glæsimyndin, myndir af leikkonum og tiskudrósum. Meistari glæsimyndarinnar er án efa Henry B. Goodwin, og voru hinar frægu myndir hans af glæsikvendum Stokkhólmsborgar meðal bestu mannamynda sem teknar voru á árunum eftir fyrra stríð. Myndirnar eru þaulskipulagðar. Misturlinsa uppstilling fyrirsætunnar, lýsing og baksvið, öllu er haganlega fyrirkomid. Fyrirsætunnar voru einnig fúsar til samstarfs, frægar leikkonur, dansmeyjar og hefðarfrúr, allar vissu þær vel um glæsileik sinn. Sumar minna jafnvel með stolti sínu á drambsamur kvenpersónur úr skáldsögum Strindbergs, sem þrátt fyrir veikbyggðan líkama gátu fengið karlmenn til að gera hvað sem var fyrir sig. Hið eiginlega viðfangsefni myndanna er skilningur Goodwins á kvenedlinu, og eru þær fullar af viðkvæmum kynþokka.

Ljósmyndir Goodwins einkennast af kraftmiklum persónulegum stíl. Hann hafnaði kabinet myndum og „visitkortum“ keppinauta sinna, og valdi að gera stærri myndir með hinni háþróðu tækni bromolíu, gúmmí, bíchromat og platinummyndagerðar. Misturlinsan sem hann fékk frá Perscheid dró fram miðju myndarinnar og gerði jadrana ógreinilegri, hann endurvakti Calotýpu aðferð William Henry Fox Talbot frá 1840, með því að nota pappír negativ. Þessar aðferðir drógu fram hið rómantíska yfirbragð mynda hans. Goodwin kunnir einnig að notfæra sér rafljós í vinnustofu sinni, og þegar tekjur kollega hans lækkuðu niður úr öllu valdi á veturna þegar loftgluggarnir myrkvuðust, gat hann unnið fram á rauða nótt við rafljós.

Færni og iðni Goewins leiddu til þess að hann setti upp merkilegar sýningar erlendis. 1917 voru myndir hans sýndar í London, og næsta ár í Kaupmannahöfn. 1921 heimsótti hann New York, og þar komst hann í kynni við Frank Crowninshield, ritstjóra „Vanity Fair“, og var hann ráðinn sem blaðamaður við tímaritið. Crowninshield kynnti hann fyrir samkvæmisfólki New York borgar, og leikurum sem hann ljósmyndaði á hótélherbergi sínu. Myndir þessar voru sýndar á Manhattan og vöktu mikla athygli. Þetta voru bestu ár Goodwins. Hinar þaulskipulögðu konumyndir hans viðhalda næmum ferskleika sínum enn í dag. Andlit og líkamar fyrirætanna eru lifandi og sýna viðbrögð þeirra við óumdeildum persónutófrum og sálrænu innsæi ljósmyndarans.

Flug Arnarinnar

Á síðasta fjórðungi 19. aldar hófu norrænir landkönnuðir vildtækar könnunarferðir til heimskautslandanna. Kuldinn varðveitti áhrifamiklar menjar um einn slíkan leiðangur sem mistókst. Þetta var loftferð Svíans Salomon August André (1857–97), sem var stefnt á Norðurljólinn 1897. Loftbelgurinn hrapaði til jarðar og eftir þriggja mánaða ferðalag á ísnum létust André og tveir félagar hans á Kvitöya, um 480 km austur af Spitsbergen. Leitarflokkar voru sendir af stað, en lík manna fundust ekki fyrr en 1930. Í farangri þeirra komu í ljós áteknar Kodak filmur, sem voru framkallaðar og prentaðar 33 árum eftir að þær höfðu skrásett þannan örlagaríka leiðangur.

Síðustu ferð sína hafði André flogið níu flugferðir í loftbelg áður en hann fór sína síðustu ferð og aðstodarmaður hans, Nils Strindberg (1872–97, frændi rithöfundarinnar með sama nafni), sem tók ljósmyndirnar, hafði farið sex flugferðir. Báðir voru þeir þrautþjáfaðir loftbelgsflugmenn, og André hafði aflað stuðnings sænsku Vísindakadémiunnar til pólfararinnar 1897. Örlögin og veðrið voru þeim andsnúin. Mikill hluti burðarreipa loftbelgsins rifnaði af skömmu eftir flugtak, og er belginn rak í norðurátt hlóðst ís utan á hann og eftir 65 klukkustunda flug brotlentu þeir á ísnum. Strindberg lést fyrstur, annaðhvort af völdum helkuldans eða af trikinumenguðu bjarnarkjöti.

Í ágúst 1930 fann áhöfn norsks rostungaveiðiskips lík þeirra og fimm spólur af 48 mynda, 12×17 cm Kodak filmu. Eftir nokkrar tilraunir með óátækna filmu tókst sænska sérfræðingnum John Hezberg að finna framkallara sem styrkti silfurhúðina án þess að gera myndina óskýra. Um 50 myndum tókst að bjarga, og 20 þeirra er hægt að fjölfalda.

„Það er ekki lítið einkennilegt að svífa hér yfir Norður Íshafinu. Að vera fyrsti maður til að fljúga hér í loftbelg. Ég velti því fyrir mér hve skjótt aðrir munu koma á eftir okkur. Munu menn telja okkur brjáláða, eða verður fordæmi okkar fylgt eftir? Ég get ekki neitað því, en við erum allir þrír fylltir stolti. Okkur finnst við vel geta horfst í augu við dauðann eftir það sem við höfum gert. Erum við haldnir sérstaklega sterki einstaklingshyggju og getum ekki hugsað okkur að lifa og deyja sem einn af hópnum, geymdur komandi kynslóðum? Er þetta framagirnd?“

Smellir reipanna í snjónum og segldúkssláttur eru einu hljóðin sem heyrast fyrir utan hvin vindsins í körfunni.

S. A. André, dagbækur úr flugi Andrées til Norðurljólsins 1897.

Fyrir norðan heimskautsbaug

Ljósmyndun sá dagsins ljós um sama leyti og fyrstu heimskautaleiðangarnir hófust. Menn voru haldnir ósedjandi forvitni um fjarlæga heimshluta og lönd sem aðskilin voru frá Vesturlöndum vegna fjarlægðar eða af sögulegum ástæðum, og ljósmyndir vísindamanna og heimskautakönnuða jók enn á hana. Fæstir þessarra harðgerðu manna höfðu nokkru sinni fengið þjálfun í meðferð ljósmyndavéla, en á ferðum sínum til að kanna og leggja undir sig hina frostnu eyðimörk tóku þeir einhverjar áhrifamestu ljósmyndir sem teknar hafa verið af þessum landssvæðum norðan heimsskautsbaugs.

Einn kunnasti þessara heimskautakönnuða var norðmaðurinn Roald Amundsen, sem fann norðvestur-leiðina gegnum Norður Íshafið á þriggja ára sjóferð sem hófst 1903. Á myndum Amundsens minnir skip hans, Gjóa helst á Argos, skip Odysseifs, þar sem það er fast í ísnum. Á torsóttir leið sinni um ísilagt hafið vakti Gjóa mikla forvitni meðal Eskimóa sem áhöfn skipsins hafði samband við. Á einni myndinni, sennilega tekinni út af Eyju Vilhjálms konungs, sjáum við unga skinnklædda Eskimóakonu líta til okkar af þilfari Gjóa.

Safn platinum mynda danska læknisins Thomas Krabbe frá 1909 gefur nákvæma mynd af fjölbreyttri strandlengju Grænlands; langir óþekktir firðir er geyma dökkar strýtu-myndaðar eyjar og ishellar baðaðar sumarsól. Ljósíð er hinn síbreytilegi þáttur í myndum Krabbe, það skerpir fjarlægt landslag og samtímis hverfur það í móðu sem er hillingum líkust. Tengslin milli himins og hafs eru ógreinileg og á sumum ljósmyndunum er erfitt að sjá muninn milli þeirra.

Áleitnar myndir úr örlagaríkum leiðangri þriggja pólfara gefa til kynna harðneskju landsins. Leiðangur undir stjórn Salomon August André lagði upp í geysistörum loftbelg frá Spitsbergen 11 júlí 1897, til að kanna Norðurljólinn. Eftir aðeins 65 tíma flug rak sundurtættan loftbelginn sem bar nafnið „Örnin“ til jarðar. Síðustu þækistöðvar leiðangursmanna fundust ekki fyrr en 33 árum síðar og meðal gripa sem höfðu varðveist voru áteknar filmur, eftir Nils Strindberg, ljósmyndara hópsins. Á þessum örvaðingarfyllu myndum má fylgjast með örlögum þremminganna, eftir að þær höfðu verið framkallaðar með fullkominni tækni. Premur mánuðum eftir brotlendinguna voru þeir

allir látnir. Draugalegir flekkir á fyrstu myndunum benda til erfiðleikanna sem þeir urðu að ganga í gegnum. Myndirnar eru þokukennar, blettótta, og mislýstar með litarfari sem gefur þeim óhugnanlegan blæ. Það er líkt og tíminn sjálfur hafi gerst ljósmyndari. Kapphlaupið til norðurpólsins varðaði þjóðarstolt, en á þessum myndum virðist allt slíkt vera dapurleg blekking.

Endalaus víðátta

Landslag á hinum ýmsu árstíðum er sífellt dularfullt afl á Norðurlöndum, uppspretta hinna eldfornu sagna. Þar lifa jafnvel stórborgarbúar, í nánu og tilfinningaríku sambandi við náttúruna. Skammdegid varpar dapurlegum blæ á landið, eins og guðirnir hafi gleymt því, stutt vorid og bjartar sumarnætur verða þeim mun hjartfólgaðari. Það er engin furða að Norðurlandabúar liti með lotningu á náttúruöflin, og þetta viðhorf hefur verið eft af norrænni Lútherstrú, sem hefur ávallt síðan á rómantíska tímabilinu gefið landslaginu trúarlega, táknræna merkingu.

Norðurlönd bjóða landslagsljósmyndaranum upp á meira en árstíðaskipti. Andstæður, bæði í landslagi og veðurfari einkenna þessi norðlægu lönd, allt frá Íslandi, svo til gróðurlausri hrauneyju með spúandi eldfjöll og heita hverji, til Danmerkur, þar sem náttúran hefur verið tamin til hins ýtrasta og snyrtilega bóndabæi og litrík þorp í skipulegum röðum getur að lita.

Um 1865 lagði Knud Knudsen upp frá vinnustofu sinni með myndavél og þrífót og hófst þar með 35 ára ástarævintýri við fjöll og firði Noregs. Enda þótt hann myndaði þekktu staði fyrir ferðamannaviðskipti þá sá hann þá sífellt í nýju ljósi. Linsa hans sýnir norsk fjöll sem kristalskennnd risavaxin tákn fyrir yfirþyrmandi náttúruöflin. Carl Curmann hefur allt annað viðhorf til landslags, sem sést í sænskum sveitamyndum hans. Létt er yfir sambandinu við náttúruna og það er persónulegt, í anda frönsku impessionistanna, fremur en hinna þungbúnu rómantísku Þjóðverja.

Sumar af myndrænum aðferðum Curmans voru impressionistískar, svo sem að hafa forgrunninn mjög skýran, þannig að áhorfandinn sé svo að segja dreginn inn í myndina. Þetta á við um nokkuð einkennilega mynd af hópi tiskuklædds fólks sem hefur stillt sér upp í klettótta, trjálausu landslagi, ef til vill frammi á kletti. Form ljóss og skugga í forgrunni myndarinnar eru svo sterk að við hrifumst strax með. Annað tilbrigði við þessa töfra er að finna í friðsælli tilbrigðaríki mynd af manni og barni sem sjást úr fjarlægð á gangi í snævi þöktum garði, við sjáum þau gegn um trjágöng. Formin eru næstum upphafin í þessari sóllýstu víðátta. Manneskjurnar og trén virðast fislétt, og mást út í viðkvæm litbrigði. Í þessum myndum og reyndar á allri sýningunni er náttúran höfuðviðfangsefni ljósmyndarans.

Mannamyndir Heinrich Tönnies

Í desember 1856 var á Álaborg í Danmörku ljósmyndari að nafni Heinrich Tönnies, sem kom fyrstu fram á sjónarsviðið með persónulegt nafnspjald, „jólajöf ársins“ sögðu auglýsingar hans. Ein gjafamappa hans frá 1856 hefur varðveist og er nú í Sögusafni Álaborgar, og er það sagt vera elsta röð nafnspjalda af þessu tagi í sinni röð í heiminum.

„Visitkort“, nokkurskonar nafnspjald með ljósmynd, (6×9) er sennilega sú uppfinning á sviði ljósmyndunar sem gefið hefur mestan arð. 95% allra ljósmynda á 19. öld voru af þessu tagi, og komu þau í stað nafnspjalda, vinir og vandamenn skiptust á þeim og söfnuðu þeim í möppur. Þau voru mörgum sinnum ódýrari en eldri form mannamynda og breiddust þau út um allan heim snemma á 6. áratug aldarinnar, sem var tímabil mikilla fólksflutninga. Við aðskilnað fjölskyldna urðu þau minjagripir sem voru mönnum mjög hjartfólgnir.

Tönnies gerði viðskiptavinum sína úr verkamannastétt að fulltrúum starfsgreina sinna, og var þannig 30 árum á undan Þjóðverjanum August Sander, sem gerði slíkt hið sama af mikilli skarpskyggni í Þýskalandi. Járnsmiðir, slátrarasótarar og sótarar sem sátu fyrir hjá Tönnies, með handmáluð baksvið af fornum köstulum, verða persónur er nálgast surrelaðistískar mannamyndir. Tönnies hlýtur að hafa verið slyngur að koma á góðu sambandi milli sín og viðskiptavinarins úr verkamannastétt, því þessi visitkort fara út fyrir hin hefðbundnu mörk sín, einkennileg blanda staðreyndar og glæsileika. Tönnies fékk þá sterkelegan járnsmiðinn, sótarann sótugan upp fyrir haus, og glæðbeitan slátrarasveininn, til að sitja fyrir í öllum „herklæðum“ starfsgreina sinna og með öll sín tól og tæki við höndina. Þeir gera þetta af ýtrustu sannfæringu. Ef trúa má myndum hans voru mennirnir stoltir af starfi sínu, hversu erfitt og óþrífalegt það var.

Á langri starfsæfi gerði hann um 15.000 visitkort og um 100.000 annarskonar ljósmyndir að auki. Flestar filmurnar hafa varðveist. Auk þess geymir Tönnies safnið einnig þöntunarbækur hans, nákvæma skrá yfir allar myndir sem hann tók 1864, þar sem er að finna dagsetningu, stað, fjölda eintaka, verð og nafn og starf fyrirsæta ef um mannsmynd er að ræða. Ýtarlegt safnið og gæði myndanna valda því að Tönnies skarar fram úr hinum fjölmörgu kollegum sínum í Norður-Evrópu. Hann sýnir okkur þróun mannamynda, bæði stíls og tækni, á seinni hluta 19. aldar. Líf hans varpar ljósi á sögu nýrrar starfsgreinar, atvinnuljósmyndunar.

Flökkufólk og landnemar I.

Eitt af afleiðingum þeirrar þjóðernisvakningar sem varð í Evrópu á 19 öld var geysilegur áhugi á uppruna og Þjóðerni. Þjóðir fóru að leita uppruna síns, og við það varð menningararfurinn ein mikilvægasta eign þjóðarinnar. Bændafólkið sem var fallið í skuggann, en hafði viðhaldið síðum og venjum, var skyndilega hafid á loft sem staðfast tákn fyrir samfelldan menningararf sem stóð á fóstum fótum. Í kjölfar leitar að uppruna þjóðarinnar var lögd áhersla á helstu mannkosti: eljusemi í þögn og þolinmæði, og glæðverð í mótlæti, eiginleikar, rómantísk hugsjón eignuð sveitafólkinu.

Fyrir Norðurlandabúum á 19. öld voru Samar, eða Lappar, eins framandi og fjarlægir eins og Indíánar voru hinum venjulega Bandaríkjamanni. Hinn „tigni villimaður“ Rousseaus var að því er virtist fundinn í „hreindýrafólkinu“, óspilltum manneskjum sem flókkðuð frjálst um landið, í sátt við sig sjálfar og í eðlilegu samræmi við náttúruna. Marcus Selmer fór í ferðalag til Norðland 1870 með þessar hugmyndir í kollinum, en þar gerði hann handlitadar ljósmyndir af Sömum heimskautilandanna. Þessir skrautklæddu flökkumenn stilla sér upp fyrir framan okkur í stífar stellingar og líta til okkar hátiðlegir á svip. Boðskapur myndanna og skraut gerðu það að verkum að þær voru í miklum metum meðal borgarbúa samtímans.

Þjóðháttafræðin vísaði á kerfisbundnaðri aðferðir til að kanna leifar þessar merkilega menningararfs. Sumar af bestu myndum af þjóðfélagsháttum voru teknar af vísindamönnum og embættismönnum sem höfðu kynnst og lært að virða þessa flökkupjóð. Daninn Sophus Tromholt og Ellisif Wessel, eiginkona sveitalæknis, tóku fjölmargar nákvæmar ljósmyndir, sem varðveittu menningu Samanna og báru heiminum vitni um frumstæða heidrikju hennar.

Þessir fyrstu ljósmyndarar höfðu áhuga á að varðveita og ljósmynda nákvæmlega þjóðlífsþætti fólksins, en samt má greina hvernig þeir bregðast við einstaklingum fyrir framan linsuna. Það var ekki áhlaupaverk að ná trausti Samanna, því líkt og aðrar frumstæðar þjóðir litu þeir á myndavélina með forvitni og ugg, og töldu hana geta verið galdrateki sem gæti numið brott sál þeirra.

Myndir Tromholt og Wessel eru hreinskilnar og sýna hvernig ljósmyndararnir nálgast Samana af virðingu, þrátt fyrir félagslegan og menningarlegan mismun. Ef til vill skortir Tromholt ferskleika Wessel, en mannamyndir hans eru teknar af meira listrænna öryggi. Fyrir þjóðháttafræðina var það mikið happ að bæði bjuggu nógu lengi á svæði þar sem Samar voru í meirihluta að þau kynntust Sömum sem einstaklingum.

Flökkupjóðir og landnemar **J**

Fjölmargir landkönnuðir og vísindamenn gerðu sér ferð til Finnlands heimkynna fólks af Finn-úgrískum stofni, í lok 19 aldar, en eftirminnilegustu ljósmyndasöfn frá slíkum ferðum eru eftir ljósmyndarana Into Konrad Inha (1865—1930) og Samuli Paulaharju (1875—1944).

1894 ferðaðist Inha til Austur-Kirjálabotns. Hann hefði getað sýnt Kalevala-héraðið, land finnska þjóðkvæðisins, í ljósi þjóðerniskenndar, en hann komst að því að þær myndir sem hið forna þjóðkvæði lýsti komu ekki í huga hans, ef í rauninni þær hafa nokkurn tímann átt sér stöð í raunveruleikanum. Í ferðinni tók hann um 200 myndir, sem eru listrænustu og samstæðustu verk Inhas. Myndavélin túlkaði reynslu ljósmyndarans. Hann dró fram sorglega fátækt sveitabörpanna, með því að svo að segja þröngva röðum húsa milli himins og jarðar. Þegar fólk stansaði til að horfa á, eins og sveitafólk er gjarnt á að gera, fylgdi hann meginreglu góðs fréttaljósmyndara og smellti af. Það væri freistandi að nota lýsa myndunum með orðinu fjarlægung, til að gefa til kynna andrúmsloft þeirra. Form þeirra breytist með yfirbragði þess sem myndaður er.

Inha var aðeins tíu árum eldri en Samuli Paulaharju, en Paulaharju var rétt að hefja störf sem ljósmyndari þegar Inha var næstum fallinn í gleymsku. Paulaharju gerði flestar sinna mynda eftir að Finnland hafði fengið sjálfstæði frá Rússum, og hann tók einkum myndir af sveitalífi. Hann reyndist vera mjög fær skýrslugerðarljósmyndari, og leitaði að myndefni sem hafði sem mest upplýsingagildi. Í verkum hans má greina eina breytingu; hann hættir smám saman að taka myndir af byggingum, og snýr sér að fólki.

Ljósmyndir Paulaharju og Inha eru upphafið að þjóðháttaaljósmyndun í Finnlandi. Inha stuðlaði að vakningu þjóðerniskenndar með fjölbreyttum myndum sínum, og ruddi Paulaharju braut til að kanna sveitalífið í smáatriðum.

Það var ekki fyrr en 1866, þegar Sigfús Eymundsson setti upp vinnustofu sína í Reykjavík að Íslendingar eignuðust sinn fyrsta ljósmyndara. Sigfús stundaði bæði ljósmyndun og bókbönd í Reykjavík. Hann myndaði landslag og þjóðlífsmyndir, t. d. drengi í fyrsta sundtímanum í nýsmiðaðri hveralag. Pétur Brynjólfsson var annar fremsti ljósmyndari landsins af elstu kynslóð þeirra. Hann var nemandi Sigfúsar 1900—1901. Þessir menn mynduðu ferðamenn sem komu til landsins, og Vesturfara, sem voru hinir norrænu frumherjar á fyrstu árum þessarar aldar.

Fyrstu borgarþúarnir **K**

Enda þótt landslag sé stöðugt viðfangsefni norrænna ljósmyndara þá varð hinn öri vöxtur borga sem hófst á miðri 19 öld og efling miðstéttanna í kjölfar hans til þess að margskonar myndefni í borgum kom fram. Slík ljósmyndun var af ýmsu tagi í höfuðborgum landanna allt frá myndum af nýjum og völdugum opinberum byggingum og skemmtigörðum, eða þá eldri borgarhlutum, leifum miðaldaborga sem ört vaxandi nútímaborgin hafði gleypst í sig.

Hús voru mynduð af ýmsum ástæðum, margar byggingar var verið að rífa í nafni framfara og nauðsynlegt var að skrá sögu borgarinnar. Þeir sem var meira annst um nútímamann og framtíðina voru stoltir af nákvæmum myndum af endurbótum á borginni. Þær efltu einnig ferðamannaíðnaðinn og birtust í bókum sem svöluðu þekkingarþorsta menntafólks um fortíð og nútíð borgarinnar.

Fágaðar ljósmyndir Svíanna Frans Klemming og Anton Blomberg sýna okkur fjórmeiri mynd af lífi borgarstéttar á 19 öld. Verk beggja ljósmyndaranna eru í greinilegum tengslum við hefðir samtímans í málalag, innan Svíþjóðar og utan. Báðir gerðu frábærar myndir af fyrirsætum, og þeim tókst að ná fram hreyfingunni á fólki í gönguferð í stórborginni. Mynd Klemmings frá 1888 af brú á rigningardegi, maður, kona og þrír verðir, sem öll snúa bakinu í okkur, stara af einbeitni og hrifningu á vatnið fyrir neðan. Ljósmyndin minnir sterklega á málverk Gustave Caillebotte af steingráum götum Parísarborgar. Slíkar myndir sýna að Klemming var heimsborgari sem hafði ánægju af því að gefa venjulegum viðfangsefnum rómantískt yfirbragð, umbreyta hversdagslegum atburðum í eftirminnilegar myndir.

Stokkhólmur Blombergs var ekki eins staðnaður, hann hreifst af hinu óvenjulega. Myndir hans gefa meiri upplýsingar, jafnvel hafa í sér vott af tilfinningu. Hann virðist

hafa haft unun af því að ljósmynda samskipti fólks. Verk hans eru sögubrot. Myndir hans úr Dýragarðinum af fólki að horfa á brúduleikhús og af fjölskyldum sem spássera um til að sýna sig og sjá aðra, og ljósmyndarinn er einn af fjöldanum. Hann er oft sérvitur í uppstillingum á fólkinu sem hann myndar, sem sést best í mynd frá 1909 af þremur manneskjum á íðnsýningu. Hér sést fin ung dama að skrifa póstkort upp við vegg, ungur maður sem er niðursökkinn í sitt kort og til hægri sést eldri herramaður með pipuhatt en hann er að hluta horfinn út af myndinni.

Enda þótt Blomberg uppgötvaði oft myndin augnablik í hversdagslegum atvikum var hann einnig snillingur í að gefa tilgerðarlegum hefðum ljósmyndastofunnar kaldhæðnislegt yfirbragð.

Atburðurinn

Hvenær verður venjulegt ástand að atburði? Orðið táknar væntanlega einhverja athöfn, hægfarenda eða skyndilega. Atburður segir einhverja sögu. Þessar skilgreiningar eru óskýrar, en kunna ef til vill að koma að gagni við að skýra tegund ljósmyndunar sem hófst snemma á þessari öld og varð til eftir uppfinningar eins og smærri myndavélar og ljósnaemari filmur komu fram og þessi þróun náði hápunkti sínum í skyndimyndum fréttaljósmyndarans.

Þróun slíkrar ljósmyndunar á Norðurlöndunum hefur að geyma ljósmyndir af sögulegum atburðum eins og járnbrautarverkfalli árið 1920 eftir óþekktan ljósmyndara sem hafði auga fyrir hópmynd af hetjudáð. Hann stóð aftarlega í hópnum, sem hlustar á ræðumann flytja hvatningarræðu, og viðbrögð fólksins sýna spennu augnabliksins. Mannhafið, sem snýr sér að ræðumanninum fyllir alveg út í myndina, hreyfingarlaust, tilbúið til átaka.

Íþróttir er önnur tegund atburðar sem blaðaljósmyndurum er kær, vegna þess að hann felur í sér leikræna athöfn. Myndir sænska ljósmyndarans Karls Sandel virðast nokkuð gamaldags, ekki eingöngu vegna þess að gúlpanði búningar hlauparanna og knattspyrnu-hetjanna eru orðnir úreltir, heldur einnig vegna hinnar stöðnuðu uppstillingar. Enda þótt þar séu heimildir um atburði fulla af hreyfingu, þá eru þær einnig frosin augnablik þar sem hlauparar og stökkvandi knattspyrnumenn eru frystir í lausu lofti. Í mynd frá Ólympíuleikunum 1931 sést mynstrið sem kemur fram í grindunum í grindahlaupinu, og hlaupararnir eru eins og nótur á nótnastreng, algerlega háðir hrynjandi myndarinnar. Allar myndir Sandels eru tilraunir til að sameina mynd af atburði sem er á fleygiferð og hina einstöðu möguleika á myndbyggingu sem þannig skapast.

Ný tegund ljósmyndunar kom fram í seinni heimsstyrjöldinni, vekur hún enn upp sterkar tilfinningar hjá flestu fólki á Norðurlöndum. Meðan á hernámi Þjóðverja á Danmörku og Noregi stóð var fjöldi mynda tekinn leynilega af almenningi, andspyrnumönnum og fongum í fangabúðum, og sýna þar ástandið og einstök atvik.

Á árunum kringum 1960 kom fram mikilvæg stefna í fréttaljósmyndun, og var forustumaður hennar sænski ljósmyndarinn Christer Strömholm. Þessi stefna var ríkjandi í norrænni ljósmyndun. Myndir þessara ljósmyndara af atburðum voru oft áleitnar, stundum myndnar eða djúphugsáðar. Þessi stefna viðgengst enn í dag sem mikilvægur þáttur í norrænni ljósmyndun.

Málaðar ljósmyndir eftir John Riise

Tengsl ljósmyndar og málverks á Norðurlöndum seint á 19 öld var með líkum hætti og annars staðar í Evrópu. Fjöldi nærrænna ljósmyndara og málara sem lærðu í Þýskalandi færðu heim með sér bæði tæknipekkingu og einnig viðhorf samtímans til málalistar. Áhugaljósmyndarafélög í ýmsum borgum á Norðurlöndum sófnuðu evrópskum timaritum þar sem birtar voru myndir af nútímamálverkum og ljósmyndum.

Verk Norska ljósmyndarans og málars John Riise eru einstæð bæði að hugmynda- auðgi og túlkunarstyrk. Hann hóf feril sinn með um 1925 með sérstæðum andlitsmyndum þar sem ljós og skuggi skiptust á með áhrifamiklum hætti. Hin flókna tækni hans gerir það að verkum að andlitsdrættir fyrirsætunnar verða óhlutlægir, ekki aðeins vegna sérkennandi ljóss og margfaldrar lýsingar, heldur líka vegna þess að hann notar litarefni á myndina. Óvenjuleg verkin sem hafa yfirbragð kúbisma og súrrealisma eru fulltrúar einstæðs tímabils í norskri ljósmyndun og málalast.

Pungbúnar myndir Riise sýna að málin er óaðskiljanlegur hluti af yfirborði myndarinnar. Hann breytti einlitem myndum sínum með því að bæta við þau litarefni, næstum ósýnilega. Af mikilli kostgæfni vann hann alveg út á rönd myndarinnar, og myndefni hans fyllir út í rammann og gefur honum líf með hrynjandi formsins. Þessar dularfullu myndir sýna andlitsdrætti einnar manneskju, en einnig sést bergmál annarra vera, þannig að myndin verður tvíærð og áleitin.

Þrátt fyrir að þessar myndir séu mjög flóknar þá gat Riise gert skýrar myndir, og hann skapaði verk sem eru bæði heillandi og dularfull. Baksvipur af konu með hatt er höfuðviðfangsefni fráberrar myndar þar sem litróf grárna tóna bregður á leik. Sköpulag höfuðsins, hálmál kjólsins og perluhálsfestin verða að sveigjum með ölduhreyfingu. 1955 hóf hann að bæta lit í ljósmyndir sínar til að draga fram ákveðin svæði, en um 1960 er svo komið að ljósmyndin sem liggur sem grunnur er svo að segja horfin fyrir lagi ofan á lag af litum. Það verður alltaf spurning hvort honum tókst að sameina andstæðar kröfur ljósmyndunar og málunar. Þessi tvíhyggja gerir sitt til að myndir hans verða fullar spennu. Þegar best lætur eru myndir hans í jafnvægi milli þessarra tveggja andstæðu áhrifa.

Norðurlönd nú á tímum

Ungir ljósmyndarar á Norðurlöndum hafa í mörgu að snúast í dag. Skýrslugerðarljósmyndun sem var ríkjandi á sjóunda áratugnum hefur vikið fyrir markvissari aðferðum, sem gefa til kynna ný vakinn áhuga á rómantískri myndrænni tjáningu. Huglægarar viðhorf til mannamynda og líkamsmýnda almennt og notkun krefjandi aðferða sem hafa útvíkkað litróf prentunar eru einkennandi fyrir þetta viðhorf. Þetta eru ekki endilega sérnoræn viðhorf, heldur eru þau sameiginleg öllum ljósmyndurum um þessar mundir.

Við lok áttunda áratugarins kom fram ný stefna í ljósmyndum á Norðurlöndum. Innblástur kom venjulega frá eldri meisturum erlendis. Nokkrir ungir sænskir ljósmyndarar hófu að nálgast listgreinina frá algerlega nýjum sjónarhóli, og sögðu sem svo að ef vilji væri fyrir hendi til að breyta þjóðfélaginu yrði breytingin að hefjast hjá einstaklingnum sjálfum. Viðfangsefnið varð persónuleg reynsla og eigin tilfinningar ljósmyndarans, en ekki ástand þjóðfélagsins. Ljósmyndararnir settu fram reynslu sína og vana sinna af virðingu og hlýju. Ljósmyndaæknin var einnig tekin til endurskoðunar. Stærri myndavélar voru aftur teknar í notkun og nutu vinsælda eftir langvarandi yfirráð 35 mm ljósmynda véla. Prentaðferðir eins og t. d. platína og gúm arabicum eru viðhafðar í síauknum mæli. Uppstillingar eru notaðar í auknum mæli sem myndefni. Ljósmyndun sem tjáningaform hefur náð fótfestu.

Skýrslu- og blaðaljósmyndun er ástunduð af þessari nýju kynslóð ljósmyndara en viðhorf eru öll þroskaðri en fyrir tíu árum þegar skýrslur voru sem vinsælastar. Þessi skýrslugerðarljósmyndun er stunduð samhliða hinni persónulegu ljósmyndun, sú fyrri þróadist sem svar við aðstæðum heima fyrir og án utanadkomandi áhrifa. Sú síðari er í samræmi við þróun ljósmyndunar í Bandaríkjunum og Evrópu.

Peter P. Lundh: sumarleyfi í Mölle

Peter P. Lundh gerði hérað eitt frægt um aldamótin, og gekk það undir nafninu „Kullabygden“ eftir Kulla-hæðinni. Héraðið liggur í suðurhluta Svíþjóðar á vesturströndinni, skammt frá Danmörku og meginlandi Evrópu. Helsti bærinn er Höganäs, og með ströndinni í nokkurra kílómetra fjarlægð er Mölle, gamalt fiskiþorp við rætur Kullahæðar. Sjórinn umlykur landið á þrjá vegu, landslagið er hrifandi, snarbrattir klettir ganga í sjó fram með hellum sem leiða hugann að ævintýrum, litlar vikur til að baðast í, og skógarstígar í beykiskóginum freista göngumannsins. Helstu atvinnuvegir um aldamótin voru síldveiðar, landbúnaður og námugróftur.

Einn góðan veðurdag gerðu ferðamennirnir innrás í Mölle. Þeir komu frá Danmörku, Frakklandi og annarsstaðar frá Svíþjóð, en einkum þó frá Þýskalandi. Þeir komu á gufuskipinu frá Kaupmannahöfn og Malmö. Brátt gátu þeir einnig komist þangað með nýrri járnbraut, sem var lögð beint til Mölle. Leiguhúsnæði og hótél þutu upp eins og á öðrum baðstöðum nútímans. Um 1890 hafði Möll gjörbreytst. Hvað hafði gerst? Jú, svarið var að í Mölle var konum og körlum leyft að baðast sameiginlega, strandgestir í röndóttum baðfötum voru saman en ekki með hinu hefðbundna millibili. Þetta var

hneyksli, og þar af leiðandi fyrsta flokks skemmtun. Ljósmyndarinn Peter P. Lundh stóð á bak við þetta allt saman.

Lundh tók myndir af þessu strandlífi og gaf þær út sem póstkort, er bárust um alla Evrópu. Þau lögðu ferðamenn til Mölle svo þúsundum skipti. Þegar þeir komu, ljósmyndaði Lundh þá venjulega sjálfur. Blómaskeið þessa baðlífs í Mölle stóð á árunum 1909—1914. Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út flyðu Þjóðverjar og Danir til síns heima í flýti og þetta mikla alþjóðlega tímabil var á enda.

Lundh hélt áfram ljósmyndun, gerði mannamyndir og skráði mikilvæg augnablik í lífi fólks, brúðkaup, afmæli, skírnir, og skemmtiferðir að sumarlagi. Að gamni sínu myndaði hann einnig útmyndir, hús, börn að leik og svo framvegis. Hann gjörþekkti fyrirmyndir sínar og viðskiptavinum, og myndaði þá af mikilli nærfærni. Eins og svo margir ljósmyndarar í litlum bæjum var hann nokkurs konar fréttamaður og vitni að félagslegum atburðum. Þeir sem skrá sögu þjóðfélagshátta komast ekki í hálfkvisti við áhugasaman ljósmyndara, þegar kemur að því að blása lífi í líðinn tíma. Lundh, sem naut velgengni sem baðstrandarljósmyndari var slíkur í besta skilningi þess orðs.

THE FROZEN IMAGE

Norrænar ljósmyndir.

Listi yfir verk á sýningunni.

1. Heikki Aho
Hringekja, um 1935.
Gelatin silfur mynd
Suomen Valokuvataiteen Museon
Säätiö, helsinki, Finnlandi.
2. L.O.Akerman
Brúðkaup, 1905.
Gelatin-silfur mynd
eftir frumfilmu, Jerker Ekström,
safn Sven Johanssons, Stokkhólmi.
3. B. Allwin
Vanadisbadet baðstaðurinn,
Gelatin-silfur mynd
Stockholms Stasmuseum, Stokk-
hólmi.
4. Dag Alveng
Óndun, 1976,
Gelatin-silfur mynd
Safn listamannsins, Osló.
5. Dag Alveng
Teygður.
Gelatin-silfur mynd
Safn listamannsins, Osló.
6. Roald Amundsen,
Friðrik og kona hans,
Netsilik-eskimóar, um 1903.
Gelatin-silfur mynd
Universitetets ethnografiske muse-
um, Osló.
7. Roald Amundsen
Eskimóastúlka við segulskaut,
Gjøa leiðangurinn, um 1904,
Gelatin silfur mynd gerð eftir frum-
filmu. Norsk Polarinstittutt.
Norsk Polarinstittutt, Osló.
8. Roald Amundsen
Eskimóar í Netsilik, Anana, Kab-
loka, Onaller og Umiktuallu, um
1904
Gelatin silfur mynd
Universitetets Ethnografiske Muse-
um, Osló.
9. Brossen Anderson,
Anderson-bræður, Stokkhólmi,
1894
Gelatin silfur mynd
Lokalhistorisk Arkiv for Aalborg
Kommune, Ålaborg.
Stockholms Stadsmuseum.
10. Hans Andersson
Hreindýrasmölin, Saivovaara, 1970
Gelatin silfur mynd
Tio Fotografer, Stokkhólmi.
11. Petter Antonisen
Án heitis, 1980
Lityfirtærsla
Camera Obscura, Stokkhólmi.
12. Petter Antonisen
Án heitis, 1980
Lityfirtærsla
Camera Obscura, Stokkhólmi.
13. Ole Jonsen Aune
Stokkviðssveit sjálfboðaliða, Ábo,
Finnlandi, 1881 albúmin mynd
Ábo Akademis Bildsamlingar, Ábo,
Finnlandi.

14. Steen Didrik Bellander
freisting Hr. Janssons gullsmíðs,
1954
Gelatin silfur mynd
Göteborgs Konstmuseum, Gauta-
borg.
15. Jim Bengston
Ingram að veiðum, 1978/1981
Gelatin silfur mynd
Safn listamannsins, Osló
16. Jim Bengston
Boitaleikur, 1978/1981
Gelatin silfur mynd
Safn listamannsins.
17. Jim Bengston
Tone fer á handahlaupi, 1979/1981
Gelatin silfur mynd
Safn listamannsins, Osló
18. Fritz Benzen
Íbúar fátækrahverfis, Adelgade,
1898
Gelatin silfur mynd
Köbenhavns Bymuseum,
Kaupmannahöfn.
19. Jonan Bülow Birk
Útsýni frá turni dómkirkjunnar í Ála-
borg, 1851
Daguerrotype mynd
20. Johan Bülow Birk
Mylla í Álaborg, 1851
Daguerrotype mynd
Lokalhistorisk arkiv for Aalborg
Kommune, Álaborg.
21. Lars Björk
Eyjólfur bóndi, 1964
Gelatin silfur mynd
Safn listamannsins, Reykjavík.
22. Anton Blomberg
Brúðuleikhús á Dýragarðsflötinni,
Stokkhólmi, 1898
Gelatin silfur mynd eftir frumfilmu,
Jerker Ekström
Stockholms Stadsmuseum, Stokk-
hólmi.
23. Anton Blomberg
Blaðasali, Vasabrúnni Stokkhólmi,
1900.
Gelatin silfur mynd eftir frumfilmu,
Jerker Ekström
Stockholms Stadsmuseum, Stokk-
hólmi.
24. Anton Blomberg
Sarah Bernhardt kemur til Grand
Hotel, Stokkhólmi, 1902.
(sama og 23)
25. Anton Blomberg
Sjálfsmynd á svölum vinnustofu
listamannsins, Stokkhólmi um 1902.
(sama og 23)
26. Anton Blomberg
Listaskóli Althins, Grevgatan 26,
Stokkhólmi, 1903
(sama og 23)
27. Anton Blomberg
August Strindberg áheimili sinu að
Banérgatan 31, 1903
(sama og 23)
28. Anton Blomberg
Pýzka farþegaskipið Seydlitz, við
akkeri við Skeppsbron, Stokkhólmi
1903
(sama og 23)
29. Anton Blomberg
Hotel Rudberg, Gustaf Adolfs-torgi,
Stokkhólmi, 1093
(sama og 23)

30. Anton Blomberg
Elin Wagner að selja blaðið „Kosningaréttur“, Stokkhólmi, 1909
(sama og 23)
31. Anton Blomberg
Póstkort send, lönlistasýningin, Friesensgarði, 1909.
(sama og 23)
32. Anton Blomberg
Axel Erdmann málur útsýnið frá Söder-hæðum, Stokkhólmi, 1910
(sama og 23)
33. Morten Bo
Án heitis, 1976 Gelatin silfur mynd.
Safn listamannsins, Kaupmannahöfn.
34. Morten Bo
(Sama og 33)
35. Morten Bo
(Sama og 33)
36. Emil Boehm
Bjarnaveiðadans, 1877
Albúmin mynd
Suomalaisen Kirjallisuuden Seura, Helsinki.
37. Jørgen Borg
Ulfborgarhátið, 1975
Gelatin silfur mynd
Safn listamannsins, Tim, Danmörk.
38. Pietro Th. Boyesen
Málaramir Pietro Krohn (t. v.) Elisabeth Jerichau Baumann og Harald Jerichau, sonur hennar, um 1873
Albumen mynd
Det Kongelige Bibliotek, Kaupmannahöfn.
39. Signe Brander
Konur við þvott, verkamannahverfi í Leppasuo, Helsinki, 1907.
Gelatin silfur mynd
eftir filmu Walker Art Center.
Helsingin Kaupunginmuseo, Helsinki.
40. Björn Breitholz
Vatnsglas, 1977
Gelatin silfur mynd
Camera Obscura, Stokkhólmi.
41. Conrad M. Bringe
Kröfuganga í járnbrautarverkfalli, Osló, 1920.
Gelatin silfur mynd
Arbeiderbevegelsens Arkiv og Bibliotek, Osló.
42. Conrad M. Bringe
Verkfall sporvagnsstjóra, 1920.
Gelatin silfur mynd.
(sama og 41)
43. Pétur Brynjólfsson
Bændur hylla Friðrik 8. við Þjorsárbrú, 1907
Gelatin silfur mynd eftir frumfilmu, Guðmundur Ingólfsson.
Þjóðmynjasafn Íslands, Reykjavík.
44. Pétur Brynjólfsson
Matvöruverslun, Reykjavík, 1909
(sama og 43)
45. Pétur Brynjólfsson
Kjötsóltun í sláturhúsi, Reykjavík, um 1910
(sama og 43)
46. Pétur Brynjólfsson
Sjálfsmynd í eigin vinnustofu, um 1911
(sama og 43)
47. Nanna Büchert
Visnir túlpanar, 1977.
Safn Listamannsins, Alleröd, Danmörk.
48. Ferdinand Cammer
Málaramir Otto Haslund, Pietro Krohn og Albert Price, um 1863
Albúmen mynd
Det Kongelige Bibliotek, Kaupmannahöfn.
49. Krass Clement
Kaupmannahöfn, 1978.
Gelatin silfur mynd
Safn listamannsins, Kaupmannahöfn.
50. Henrik Kronström
Setustofa í prestsetrinu í Ylimarkku, um 1900.
Gelatin silfur mynd eftir frumfilmu, Nils Anderson.
Suomen Valokuvatiiteen Museon Säästö, Helsinki
51. Carl Curman
Garður við baðstað, um 1888
Gelatin silfur mynd eftir frumfilmu, Jerker Ekström.
Nordiska museet, Stokkhólmi.
52. Carl Curmaan
